

SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐ EYJAFJARÐAR



Námskrá

Haust 2014



Námskrá Haustönn 2014

Útgefandi:

SÍMEY - www.simey.is
Þórsstíg 4 - 600 Akureyri

Ábyrgðarmaður:

Erla Björg Guðmundsdóttir

Prentvinnsla:

Ásprent - www.asprent.is

Hönnun:

Geimstofan

Yfirlit

Dalvík - Fjallabyggð

- Bls. 4. Picasa ljósmyndaforritið
- 4. Ipad fyrir byrjendur
- 4. Excel fyrir byrjendur
- 5. Gott tölvunámskeið
- 5. Heilsudrykkjajánámskeið
- 5. Saga og smökkun viskí með Snorra Guð
- 5. Talnámskeið í ensku
- 6. Pólska fyrir byrjendur
- 6. Íslenskunámskeið fyrir tælendinga

Námskeið í boði á Dalvík og Akureyri

- 7. Íslenska fyrir útlendinga
- 7. Icelandis for foreigners

Akureyri – Lengri námsleiðir

- 8. Menntastoðir dagnám
- 8. Menntastoðir síðdegisnám 2014-2015
- 9. Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum
- 9. Félagslíðabrá
- 10. Leikskólalíða- og stuðningsfulltrúabrá
- 10. Listasmiðja I – Áhugi er allt sem þarf
- 11. Listasmiðja II – Að fanga hugmyndir og útfæra í formi og lit
- 11. Skrifstofuskólinn dagnám
- 11. Málsuða – Opin smíðja
- 12. Skrifstofuskólinn síðdegisnám
- 12. Sölu-, markaðs- og rekstrarnám
- 13. Fornám í forritun
- 14. Skref til sjálfshjálpar
- 14. Alvöru bókhaldsnámskeið

Akureyri – Tungumálanámskeið

- 15. Íslenska fyrir útlendinga – Byrjendanámskeið
- 15. Íslenska fyrir útlendinga – Stig 2
- 15. Sænska fyrir byrjendur
- 16. Talnámskeið í ensku fyrir konur
- 16. Talnámskeið í ensku fyrir karla
- 16. Framhaldsnámskeið í ensku
- 18. HELP-Start framhaldsnámskeið
- 18. Íslenskunámskeið fyrir tælendinga

Akureyri – Tölvunámskeið

- 19. Navision grunnur
- 19. Skyjalausnir í tölvuheiminum
- 21. Windows 8.0/8.1 – Tips and tricks
- 21. Picasa ljósmyndaforritið
- 22. Ipad fyrir byrjendur
- 22. Outlook í tölvunni, símanum og spjaldtölvunni
- 22. Excel fyrir byrjendur

Akureyri – Tómstundanámskeið

- 23. Pure Ebba – Heilsa fyrir alla
- 23. Líkamsrækt 101 fyrir byrjendur
- 23. Brauð- og eftirrættir Maríu Kristu
- 23. Skapandi ljósmyndun
- 24. Adobe Lightroom
- 24. Ertu kaffiunnandi?
- 24. Vín og tapas
- 25. Viskínámskeið með Snorra Guð
- 25. Ostagerð – heimavinnsla mjólkurafurða
- 25. Náttúran með nýjum augum – Námskeið í skapandi skrifum
- 25. Hnífasmiði
- 26. Hvað liggur þér á hjarta? Námskeið um skemmtilegar færslur á Facebook
- 26. Viskínámskeið með Snorra Guð
- 27. Furðuheimar mannkynssögunnar með Illuga Jökulssyni
- 27. Að skrifa smásögu – Námskeið í skapandi skrifum

Akureyri – Persónuhæfni

- 28. Sigur í samkeppni
- 28. Lærðu að lesa í fólk og aðstæður
- 28. Leiðir til virkara lífs
- 28. Íþróttasálfræði – Hagnýtar aðferðir til að hámarka árangur
- 29. Jákvæður agi – Foreldranámskeið
- 29. Atvinnuviðtalið
- 29. Lífstíll og tímastjórnun í námi
- 30. Lætur þú ljúga að þér?
- 30. Prófkvíði og prófstreita
- 30. Viltu kynnast Mindfulness?

Akureyri – Starfsnám

- 31. Nám fyrir dagforeldra
- 31. Verkefnastjórnun
- 31. Námskeið fyrir túlka
- 32. Mindfulness fyrir stjórnendur
- 32. 100 leiðir til að hvetja starfsfólk
- 33. Námskeið fyrir notendur túlka
- 33. Sálrænn stuðningur fyrir túlka
- 33. Moodle

Akureyri – Föstudagsörnámskeið

- 34. Outlook lærðu meira
- 34. Áttu ljósmyndir í tölvunni og símanum
- 34. Myndabók með þínum eigin ljósmyndum
- 35. Stutt starfstengd námskeið í boði fyrir fyrirtæki

Fjölmennt

- 36. Heimilisfræði
- 36. Íþróttir og sund
- 36. Tónlist
- 37. Mynd- og handlist
- 37. Tölvu- og upplýsingatækni
- 38. Mál og samfélag
- 38. Ýmis námskeið

Ágæti Eyfirðingur,

Þetta er námskrá haustannar 2014. Hún er afrakstur heilmikillar hugmyndavinnu og er ætlað að gefa íbúum svæðisins nokkra yfirsýn yfir þá símenntun sem hér er í boði en jafnframt má finna upplýsingar um öll námskeið á vegum SÍMEY á heimasíðunni: www.simey.is

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar sem á kunna að verða og að næg þátttaka náist. Flest námskeiðanna miðast við átta manna lágmarkspáttöku og 15-20 manna hámarkspáttöku.

Verðánámskeiðunum kemur fram í hverrinámskeiðslýsingu. Það er von okkar hjá miðstöðinni að allir muni geta fundið eitthvað við sitt hæfi en ef svo vill til að draumanámskeiðið ykkar er ekki að finna í þessari námskrá hvetjum við ykkur eindregið til að hafa samband við okkur því við erum alltaf að leita að góðum hugmyndum.

Náms- og starfsráðgjöf

Fyrir þá sem hafa áhuga á að efla sig með frekara námi, en eru kannski ekki vissir um hvar sé best að byrja, bendum við á þjónustu náms- og starfsráðgjafa miðstöðvarinnar. Allir geta pantað viðtal sér að kostnaðarlausu og fengið aðstoð við að fóta sig og ákveða næstu skref. Með bestu kveðjum og von um kröftuga þáttöku í símenntun,

Erla Björg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri SÍMEY

PS: Ekki gleyma að kanna möguleikana á styrkjum hjá stéttarfélögum ykkar og fræðslusjóðum!

Starfsmenn SÍMEY



*Erla Björg
Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri*



*Kristjana
Friðriksdóttir
Ritari*



*Sigrún
Björnsdóttir
Bókari*



*H. Betty
Kristjánsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi
og verkefnastjóri*



*Sóley
Guðmundsdóttir
Ritari*



*Helgi P.
Svavarsson
Ráðgjafi, verkefna og
gæðastjóri*



*Valgeir
Magnússon
Náms- og starfsráðgjafi
og verkefnastjóri*



*Helgi Kristinsson
Hásumsjón*



*Emil BjarkarBjörnsson.
Náms- og starfsráðgjafi
og verkefnastjóri á
Dalvík*



*Arnþrúður
Eik Helgadóttir
Verkefnastjóri
Fjölmennar*



*Kristín B.
Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri og
ráðgjafi*



*Heimir Haraldsson
Náms- og starfsráðgjafi
og verkefnastjóri*

Picasa ljósmyndaforritið

Á námskeiðinu verður nemendum kennt að flokka og lagfæra myndirnar sínar í tölvunni. Laga lýsingu, taka burtu rauð augu, bólar og önnur atriði sem geta truflað okkur við fallega ljósmynd. Námskeiðið skiptist í tvo hluta. Fyrri 3 tímarnir fara í að flokka myndir, merkja staðsetningu þeirra á kort, setja þær á internetið auk útprentunar. Seinni hlutinn fer í að lagfæra myndir hvort sem er um galla að ræða eða þörf fyrir lítilsháttar breytingar. Forritið sem stuðst er við er ókeypis og aðgengilegt á internetinu. Einn af kostum forritsins er að hægt er að merkja inn hverjir eru á hverri mynd og aðstoðar forritið við það og fer að þekkja þá sem eru á myndunum.

Lengd: 6 klst.

Kennari: Vilberg Helgason

Hvar: Námsver Dalvík

Hvenær: Mánudagur og fimmtudagur 24. og 27. nóv. kl. 17:00-20:00

Verð: 16.000 kr.

Ipad fyrir byrjendur

Einstaklingsmiðað nám í rólegu andrúmslofti þar sem nemendur mæta með Ipad. Byrjað er á að fara yfir allar stillingar sem nauðsynlegt er að vita af og velja hvernig notandinn vill hafa, svo sem læsingar, stillingar til að sækja eða kaupa smáforrit á netinu, tenging við tölvupóst o.fl. Seinni hluti námskeiðsins fer í að skoða þau fjölmörgu smáforrit sem eru í boði, innlend sem erlend auk þess sem kennt verður að tengja Ipad við Itunes og setja inn á hann tónlist, hljóðbækur og bækur.

Lengd: 4 klst.

Kennari: Vilberg Helgason

Hvar: Námsver SÍMEY Dalvík
og salur Einingar-Iðju Siglufirði

Hvenær: Mánudagur og miðvikudagur 10. og 12. nóv. kl. 17:00-19:00 á Siglufirði.

Mánudagur og miðvikudagur 10. og 12. nóv., kl. 20:00-22:00 á Dalvík.

Verð: 13.000 kr.

Excel fyrir byrjendur

Námskeiðið er ætlað byrjendum og þeim sem kunna lítið í Excel. Þátttakendur þurfa að hafa nokkra reynslu af því að vinna við tölvur og vilja læra undirstöðuatriðin í töflureikninum.

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur skilji uppbyggingu töflureikna og tileinki sér nákvæmni í ritun texta og talna. Farið verður yfir formúlugerð með og án innbyggðra reiknifalla, gerð og viðhald reiknilíkana, útlitsmótun texta og talna. Þátttakendur læra að skipta efni rétt niður á síður og beita blaðsíðutali og föstum skilaboðum, gera myndrit (línu- og súlurit) og beita prentskoðun og mismunandi aðferðir við útprentun.

Lengd: 12 klst.

Kennari: Vilberg Helgason

Hvar: Námsver SÍMEY Dalvík

Hvenær: Auglýst síðar

Verð: 29.500 kr.

Gott tölvunámskeið

Fyrir alla þá sem vilja afla sér grunnmenntunar í hagnýtri tölvunotkun. Í upphafi er rætt um tölvur almennt og hvað þarf að hafa í huga þegar tölva er keypt. Notkun á lyklaborði og mús er kennd en síðan er farið í grunnatriði stýrikerfisins s.s. stillingar á mús, litum og skjávörn. Farið er í grunnatriði ritvinnslunnar, ritun, leiðréttingu, og hvernig breyta má letri. Kennt er hvernig skoða má vefsíður og leita eftir upplýsingum, t.d. hvernig leita má í símaskrá, lesa blöð og skoða færð á vegum. Farið er í grunnaðgerðir töflureiknis, hvernig einföld reiknilíkön eru búin til og þeim breytt.

Lengd: 12 klst.

Kennari: Vilberg Helgason

Hvar: Námsver SÍMEY Dalvík

Hvenær: Laugardag og sunnudag 11., 12. og 18. okt.
kl. 12:00-15:00

Verð: 29.500 kr.

Saga og smökkun vískí með Snorra Guð

Veistu hvað þú ert að drekka? Þekkir þú söguna? Er vískíið gullið eða rafgullið. Er það Highland eða Lowland? Hvað er Speyside og Islay? Á námskeiðinu verður farið í söguna, upphaf vískíframleiðslu og þróun til dagsins í dag. Lönd og svæði með áherslu á Skotland og smökkun mismunandi tegunda.

Lengd: 3 klst.

Kennari: Snorri Guðvarðsson

Hvar: Salur Einingar-Íðju Siglufirði

Hvenær: Fimmtudagur 9. okt. kl. 19:30-22:30

Verð: 6.000 kr.

Heilsudrykkjanámskeið

Á námskeiðinu verður farið yfir það hvernig við útbúum bragðgóða, holla og umfram allt næringarríka heilsudrykki auk þess sem farið verður yfir helstu hráefnin sem notuð eru við drykkjagerðina og virkni þeirra í líkamanum. Þátttakendur fá sjálfir að útbúa nokkrar tegundir af heilsudrykkjum auk þess að búa til grænan grunn til að taka með sér heim.

Lengd: 3 klukkustundir

Kennari: Hildur Halldórsdóttir

Hvar: Ólafsfjörður-auglýst síðar

Hvenær: Þriðjudagur 30. sept. frá kl. 17:00- 20:00

Verð: 8.000 kr.

Talnámskeið í ensku

Langar þig einfaldlega að bæta enskukunnáttu þína? Ertu feimin að tala ensku fyrir framan aðra? Skelltu þér á enskunámskeið með fólki, sem eru í sömu sporum. Í lok námskeiðs hefur þú aukið sjálfstraust til samskipta á ensku. Lögð er áhersla á að þjálfna ensku sem talað mál. Námskeiðið er byggt upp á líflegan hátt þar sem áhersla er lögð á að læra ensku í gegnum spjall, hlustun og raunverulegar aðstæður. Skipt er í litla hópa eftir getu hvers og eins.

Lengd: 16 klst.

Kennari: Margrét Reynisdóttir

Hvar: Námsver SÍMEY Dalvík

Hvenær: Fimmtudagar, kl. 17:30 -19:30. Hefst 2. okt. og lýkur 20. nóv.

Verð: 29.500 kr.

Pólska fyrir byrjendur

Námskeiðið er hugsað fyrir alla sem vilja ná undirstöðum í tungumálinu, starfsmönnum og stjórnendum sem starfa með fólki af pólskum uppruna og vilja auðvelda samskipti með virðingu fyrir uppruna þess að leiðarljósi. Á námskeiðinu er lögð áhersla á þann orðaforða sem tengist daglegu lífi og starfstengdu umhverfi.

Lengd: 12 klst.

Kennari: Jolanta Brandt

Hvar: Námsver SÍMEY Dalvík.

Hvenær: Mánudaga og fimmtudaga, kl. 19:30-21:30.

Hefst 20. okt. og lýkur 6. nóv.

Verð: 22.500 kr.

Íslenskunámskeið fyrir Tælendinga

— **hláttuorðum** ภาษาอังกฤษสำหรับคนไทย

Námskeiðið ætlað fólki frá Tælandi með litla undirstöðu í hinu vestræna stafrófi en tjáir sig nokkuð í íslensku. Mikil áhersla er lögð á að bæta framburði til að gera mál nemenda skiljanlegt út frá mállhljóðum íslenskunnar. Hláttuorðum fyrirคนไทยที่มีพื้นฐานน้อยในการใช้ตัวอักษรของภาคตะวันตก แต่สามารถช่วยเหลือตัวเองได้ในระดับหนึ่ง เน้นความสำคัญมากกับการเพิ่มเติมหลักการ การออกเสียง เพื่อให้ให้นักเรียนฟัง ภาษาอังกฤษแลนดีได้เข้าใจดียิ่งขึ้น

Lengd: 40 klst. ใช้เวลาในการเรียน: 40 ชั่วโมง

Kennari: และ: Kamonrat Tiemrat

Hvar สถานที่: Dalvík

Hvenær: Mánudaga og föstudaga, kl. 16:00-18:00.
Hefst 8. sept.

Menntun skapar tækifæri

- kynntu þér möguleikana

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni

Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins

Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum



Landsmennt

Íslenska fyrir útlendinga

SÍMEY býður upp á fjölbreytt námskeið í íslensku fyrir útlendinga á Akureyri, Dalvík og í Fjallabyggð. Um er að ræða byrjendanámskeið ásamt nokkrum stigum af framhaldsnámskeiðum. SÍMEY býður einnig upp á starfstengda íslensku fyrir erlent starfsfólk fyrirtækja.

Frekari upplýsingar www.simey.is, kristin@simey.is eða í síma 460-5720.



Icelandic for foreigners

SÍMEY offers a wide range of Icelandic courses for foreigners in Akureyri, Dalvík and in Fjallabyggð, both at beginners level and several at advanced levels. In addition SÍMEY also offers job related Icelandic courses for foreign employees of local companies.

Note: Most unions offer refund (partly) on the course fee upon proof of payment and a diploma.

Further information www.simey.is, kristin@simey.is or call 460-5720.

SÍMEY organizuje kursy języka islandzkiego o różnym stopniu zaawansowania w miejscowościach takich jak: Akureyri, Dalvík i Fjallabyggð

Zarządzający powyżej wymienionymi kursami oraz doradcy są do Państwa dyspozycji przy podjęciu decyzji o wyborze odpowiedniego kursu. Mogą oni także wskazać Państwu na sposoby uzyskania dofinansowania opłat za kursy oraz udzielić innych porad i informacji.

Powyżej oferowana pomoc jest udzielana bezpłatnie a szczegółowe informacje można uzyskać pod numerem tel. 460-5720 lub pod adresem: simey@simey.is.

Menntastoðir dagnám

Menntastoðir er tilvalin námsleið fyrir þá sem vilja hefja nám á ný og ná sér í grunnfögin í framhaldsskóla. Markmið Menntastoða er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni.

Námpættir: Lífsleikni 102 og 201, Námstækni 102, Upplýsingatækni 103, Íslenska 103 og 203, Stærðfræði 102, 122 og 262, Danska 102, Enska 103 og 203.

Kennsluhættir: Kennsluhættir Menntastoða miðast við þarfir fullorðinna nemenda og leitast er við að veita nemendum góða þjónustu. Þannig skipa sjálfsefning, námstækni og hópefli stóran þátt í skólastarfinu. Námið er metið sem 50 einingar inn í Háskólabrú Keilis. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að framhaldsskólar geti metið Menntastoðir til eininga hjá sér.

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Alla virka daga kl. 08:30-16:00. Hefst 25. ágúst og lýkur í desember 2014.

Verð: 81.000 kr.

Menntastoðir síðdegisnám 2014-2015

Menntastoðir er tilvalin námsleið fyrir þá sem vilja hefja nám á ný og ná sér í grunnfögin í framhaldsskóla. Markmið Menntastoða er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni.

Námpættir: Lífsleikni 102 og 201, Námstækni 102, Upplýsingatækni 103, Íslenska 103 og 203, Stærðfræði 102, 122 og 262, Danska 102, Enska 103 og 203.

Kennsluhættir: Kennsluhættir Menntastoða miðast við þarfir fullorðinna nemenda og leitast er við að veita nemendum góða þjónustu. Þannig skipa sjálfsefning, námstækni og hópefli stóran þátt í skólastarfinu. Námið er metið sem 50 einingar inn í Háskólabrú Keilis. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að framhaldsskólar geti metið Menntastoðir til eininga hjá sér.

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudagar og fimmtudagar, kl. 16:00-19:00 og tvo laugardaga í mánuði. Hefst 2. september og lýkur í maí 2015.

Verð: 81.000 kr.

Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum – Síðdegisnám – 2 annir

Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum er einkum ætlað þeim sem eru orðnir 20 ára, eru starfandi á vinnumarkaði og hafa hafið nám á framhaldsskólastigi en ekki lokið almennum bóklegum greinum með prófi til brautskráningar úr framhaldsskóla.

Námið hefur hliðsjón af greinanámskrám Aðalnámskrár framhaldsskóla í íslensku, tungumálum, stærðfræði og lífsleikni en með sérstakri áherslu á mismunandi námsnálgun námsmanna og samþættingu námsþátta. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi þessa námsleið til styttingar á námi í framhaldsskólum allt að 16 einingar en vekur athygli á því að mat á fyrra námi nemenda er á ábyrgð skólameistara viðkomandi framhaldsskóla.

Námsþættir: Námstækni, Sjálfsþekking og samskipti, Íslenska 102, Danska 102, Enska 102, Stærðfræði 102 og 122.

Námsmat: Námsmat fer fram með símati. Meðaltal einkunna fyrir verkefni ræður lokaeinkunn í hverju fagi. Krafist er 90% mætingar.

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudaga og miðvikudaga, kl. 17:00-20:00. Hefst 8. sept. 2014 og lýkur í maí 2015.

Verð: 57.000 kr.

Félagsliðabré

Nám og kennsla á Félagsliðabré fer fram seinnipart dags. Námið er skipulagt fyrir einstaklinga sem eru orðnir 22ja ára og hafa a.m.k. 3ja ára starfsreynslu af viðeigandi starfssviði. Að auki þurfa þeir að hafa lokið starfstengdum námskeiðum á vegum stéttarféлага, sveitarféлага eða annarra aðila sem sjá um námskeiðahald. Umfang námskeiða þarf að vera 220-230 stundir og skal það teljast jafngilda um 17 einingum af sérgreinum félagsliðabrautar. Formlegt nám við framhaldsskóla er metið í samræmi við ákvæði aðalnámskrár framhaldsskóla sé það sambærilegt við það nám sem er í boði á brúnni. Innihald námsins er félags-, sál- og uppeldisfræðigreinar sem og sérgreinar á sviði fötlunar og öldrunarþjónustu. Sérhæfingin er sjö einingar á hvoru sviði og geta nemendur tekið bæði sviðin ef þeir kjósa. Nemendur sem ljúka Félagsliðabré hljóta starfsheitið félagsliði.

Lengd: 4 annir

Námsþættir: Aðstoð og umönnun 104, Félagsfræði 103, Félagsleg virkni 102, Fjölskyldan og félagsleg þjónusta 103, Heilbrigðisfræði 103, Lyfjafræði fyrir félagsliða 113, Næringarfræði 103, Sálfræði 203, Skyndihjálp 101.

Valgreinar: Öldrunarferli 103 og 202, Samfélagsþjónusta aldraðra 102, EÐA Fötlun 103, Fötlun og samfélag 104.

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudagar og einstaka föstudaga, kl. 17:00 – 21:00.

Verð: 23.000 kr. önnin

Leikskólaliða -og stuðningsfulltrúabré, síðdegisnám

Vinnur þú í leikskóla eða grunnskóla? Viltu auka færni þína?

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré er ætluð þeim sem starfa í leik- og grunnskólum. Nemendur þurfa að vera orðnir 22ja ára, hafa lokið 230 kennslustunda starfstengdum námskeiðum eða sambærilegu námi og hafa að baki að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu af störfum úr leik- eða grunnskóla við uppeldi, umönnun og menntun barna. Nemendur sem ljúka leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré hljóta starfsheitin leikskólaliði og stuðningsfulltrúi.

Lengd: Um 50 eininga nám á framhaldsskólastigi. Námið er 4 annir.

Námsþættir: : Fötlun 103, Hegðun og atferlismótun 103, Leikur sem náms- og þroskaleið, Íslenskar barnabókmenntir 633, Listir og skapandi starf 103, Samskipti og samstarf 103, Sálfræði 203, Siðfræði 102, Skyndihjálp 101, Uppeldisfræði 103 og 203, Þroski og hreyfing, Kennslustofan og nemandinn

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Miðvikudagar og einstaka föstudagar, kl. 17:00 – 21:00. Námið hefst í ágúst og lýkur vor 2016.

Verð: 23.000 kr. önnin

Listasmiðja I - Áhugi er allt sem þarf!

Megináhersla er lögð á að þátttakendur nái færni í grunnatriðum myndlistar og afli sérþekkingar og leikni með vinnu sinni. Þátttakendur efla skapandi hugsun og læra að fanga hugmyndir sínar sem þeir síðan útfæra á margvíslegan hátt. Þátttakendur kynnast einnig ýmsum aðferðum við framsetningu hugmynda sinna, notkun mismunandi áhalda og mikilvægi frágangs á myndverkum sínum. Námskeiðið byggist á fyrirlesturum, verklegri vinnu, vettvangsheimsóknum. Þátttakendur halda verkdagbók/skissubók á meðan á námskeiði stendur. Listasmiðja er ætluð einstaklingum 20 ára og eldri.

Lengd: 80 klst.

Kennari: Bryndís Arnardóttir (Billa)

Hvar: Kennsla fer fram í húsnæði Listfræðslunnar í Sunnuhlíð 12. Hámark 12 þátttakendur.

Hvenær: Þriðjudaga og fimmtudaga, kl. 18:00-22:00. Hefst 23. sept.

Verð: 28.000 kr.



Listasmiðja II – Að fanga hugmyndir og útfæra í formi og lit (Fullbókað)

Megináhersla er lögð á að þátttakendur öðlist færni í grunnatriðum listmálunar og listasögu, að þeir efli skapandi hugsun sína, fangi hugmyndir og setji fram í málverki með tilliti til myndbyggingar í formi og lit.

Þátttakendur kynnast einnig ýmsum aðferðum við framsetningu málverka notkun mismunandi áhalda og mikilvægi frágangs á myndverkum.

Námskeiðið byggist á fyrirlestrum, verklegri vinnu, vettvangsheimsóknnum. Þátttakendur halda verkdagbók/skissubók á meðan á námskeiði stendur. Listasmiðja er ætluð einstaklingum 20 ára og eldri.

Lengd: 80 klst.

Kennari: Bryndís Arnardóttir (Billa)

Hvar: Kennsla fer fram í húsnæði Listfræðslunnar í Sunnuhlíð 12. Hámark 12 þátttakendur.

Hvenær: Mánudaga, kl. 17:00-21:00 og laugardaga 09:00-13:00. Hefst 22. sept.

Verð: 28.000 kr.

Málmsuða - Opin smiðja

SÍMEY býður upp á námskeið í málmsuðu. Nemandi sem hefur lokið málmsuðusmiðju er fær um að sjóða samkvæmt verklýsingum og hefur þekkingu til að vinna sjálfstætt eftir suðuferilslýsingu. Einnig öðlast hann nægilega færni, leikni og öryggi í vinnubrögðum til að hann sé gjaldgengur á vinnumarkaði. Námskeiðið er byggt upp á fyrirlestrarformi og verklegri vinnu en auk þessa þurfa þátttakendur að halda verkdagbók á meðan á námskeiði stendur. Miðað er við að fagbókleg kennsla nemi að lágmarki 13 klukkustundum af 80 klukkustunda heildarnámstíma námsins.

Námskeiðið er 80 klst. kennt seinniparta og um helgar.

Námskeiðið hefst er næg þátttaka fæst.

Verð: 28.000 kr.

Skrifstofuskólinn dagnám

Skrifstofuskólinn er ætlaður þeim sem vinna almenn skrifstofustörf eða þeim sem hafa hug á því að skipta um starfsvettvang. Tilgangur námsleiðarinnar er að auka sjálfstraust námsmanna til að takast á við almenn skrifstofustörf og stuðla að jákvæðu viðhorfi þeirra til áframhaldandi náms. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efli sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námsaðferðir eru aðallega byggðar á hagnýtum viðfangsefnum sem auðvelt er að yfirfæra á almenn skrifstofustörf.

Lengd: 150 klst.

Helstu námsþættir: Sjálfsstyrking og samskipti, námstækni, verslunarreikningur, nemendadagbók og markaðssetning, þjónusta, handfært bókhald, tölvubókhald, lokaverkefni, færnimappa og ferilsskrá og tölvu- og upplýsingaleikni.

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Skrifstofuskólinn er kenndur alla virka daga frá kl. 9:00-12:00. Hefst í sept. og lýkur í desember 2014.

Verð: 46.000 kr.

Skrifstofuskólinn síðdegisnám

Skrifstofuskólinn er ætlaður þeim sem vinna almenn skrifstofustörf eða þeim sem hafa hug á því að skipta um starfsvettvang. Tilgangur námsleiðarinnar er að auka sjálfstraust námsmanna til að takast á við almenn skrifstofustörf og stuðla að jákvæðu viðhorfi þeirra til áframhaldandi náms. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námsaðferðir eru aðallega byggðar á hagnýtum viðfangsefnum sem auðvelt er að yfirfæra á almenn skrifstofustörf.

Lengd: 150 klst.

Helstu námsþættir: Sjálfstyrking og samskipti, námstækni, verzlunarreikningur, nemendadagbók og markaðssetning, þjónusta, handfært bókhald, tölvubókhald, lokaverkefni, færnimappa og ferilsskrá og tölvu- og upplýsingaleikni.

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudaga og fimmtudaga, kl. 16:30-19:30. Hefst í sept. og lýkur í maí 2015.

Verð: 46.000 kr.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám er sérstaklega hagnýtt og hnitmiðað nám fyrir þá sem vilja styrkja eigin rekstur eða þá sem hafa í hyggju að stofna til eigin reksturs. Námið miðar að því að kenna gerð viðskiptaáætlana, kynna hvert hlutverk sölumannsins er, markaðsfræði með áherslu á vefinn og samfélagsmiðla, markaðsrannsóknir, samskipti við viðskiptavini, gerð sölu og markaðsáætlana, gerð kynningarefnis o.fl.

Námsaðferðir eru aðallega byggðar á hagnýtum viðfangsefnum tengdum almennum sölu- og markaðsstörfum.

Lengd: 273 klst.

Helstu námsþættur: Kynning og námsdagbók, námstækni, hraðlestur, markmiðasetning og tímastjórnun, tölvu og upplýsingatækni, sölutækni, viðskiptatengsl og þjónusta, verzlunarreikningur, almenn markaðsfræði, samskipti, sjálfstraust, framsögn og framkoma, markaðsrannsóknir, Excel við áætlanagerð, markaðssetning á samfélagsmiðlum, stafræn markaðsfræði, lykiltölur, lausafé og áætlanagerð, samningatækni, frumkvöðlafræði og fyrirtækjasmíðja, stofnun fyrirtækja, verkefnastjórnun, gerð kynningarefnis og gerð viðskiptaáætlana.

Kennari: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudaga og miðvikudaga kl. 17:00-21:00. Hefst 22. september.

Verð: 76.000 kr

Fornám í forritun

Fornám í forritun gerir þátttakendum kleift að meta hvort þeir hafi áhuga á að stunda frekara nám í forritun. Farið verður yfir helstu hugtök sem notuð eru í tölvuheiminum, uppbyggingu mismunandi talnakerfa, Windows og annarra helstu stýrikerfa. Kenndur er verslunarreikningur og grunnkennsla í Java forritun. Námið er í samstarfi við Nýja tölvu-og viðskiptaskólann.

Lengd: 72 klst.

Forkröfur náms: Nemendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri og hafa lokið að minnsta kosti tveimur árum í framhaldsskóla. Þeir þurfa að hafa grunnþekkingu á Windows umhverfinu og notkun Internetsins. Góð enskukunnátta er nauðsynleg.

Helstu námsþættir: Almennt um tölvur, hugtök, stýrikerfi, stærðfræði og Java forritun.

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Hefst í september 2014.

Verð: 149.000 kr.

Þín leið til fræðslu

Ríkismennt styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni

Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna

Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar



Ríkismennt

Skref til sjálfshjálpar

Eitt af markmiðum námsins er að styrkja lestrar- og ritunarhæfni með mismunandi aðferðum, og auka þar með hæfni til starfs og áframhaldandi náms. Áhersla er lögð á að efla lesskilning, úthald við lestur og stafsetningarfærni. Námsmönnum er leiðbeint um mismunandi tækni, aðferðir og hjálpartæki, s.s. yfirlestrar- og leiðréttingarforrit. Sjálfstæði í verkefnavinnu, samvinna, félagsleg færni og sjálfstraust þátttakenda eru höfð í fyrirrúmi í öllum þáttum námsins.

Lengd: 40 klst.

Námsmat: Námsmenn gangast ekki undir formleg próf en til að fá fram hlutlægar upplýsingar um framfarir er staða í lestri og ritun metin í upphafi náms og svo aftur í lok námskeiðsins. Námsmenn taka þátt í námsmatinu með því að svara spurningum og taka þátt í umræðum um námið. Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Námsmaðurinn fær persónulega endurgjöf um námsframvindu.

Kennarar: Bryndís Arnardóttir og fleiri.

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudagar og fimmtudagar, kl. 19:00-21:00. Hefst 28. okt. og lýkur 16. des.

Verð: 12.000 kr.

Alvöru bókhaldsnámskeið

Markmið okkar með Alvöru bókhaldsnámskeiðinu er að veita nemendum góða þekkingu og þjálfun í ýmsum verkefnum sem koma fyrir í nútíma bókhaldsvinnu. Þannig verða þeir ekki aðeins færir um að mæta breyttum kröfum síðustu ára heldur geta einnig tekið virkan þátt í þeim nýjungum sem framundan eru. Námsfnið er samfelld röð raunverulegra fylgiskjala og speglar þar af leiðandi eingöngu raunverulega atburði og færslur, að skattframtali. Eftir merkingu fylgiskjalanna eru þau tölvufærð. Bókhaldsnámskeiðið er ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tókum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem vinna við bókhald. Á námskeiðinu fá nemendur innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu. Að námi loknu eiga þátttakendur að vera mjög vel færir um að sjá um bókhald smærri fyrirtækja.

Lengd: 75 klst.

Kennari: Óskar Steingrímsson

Staðsetning: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudagar og fimmtudagar 19:30-22:30. Hefst 16. sept. og lýkur 9. des.

Verð: 129.500 kr.

Nánari upplýsingar gefur Helgi Kristinsson í síma 896-5383

Íslenska fyrir útlendinga - Byrjendanámskeið

Námskeið fyrir þá sem tala litla eða enga íslensku en langar að læra meira. Námskeiðið byggir mikið á talþjálfun og er grunnorðaforði kenndur með einföldum samtölum og verkefnum. Allir þættir tungumálsins eru þjálfaðir eins og skilningur, hlustun, tal, lestur og ritun.

Lengd: 40 klst.

Námsmarkmið: Að auka skilning þátttakenda á íslensku.

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudaga og miðvikudaga, kl. 19:00-21:00. Hefst 1. sept.

Verð: 31.000 kr.

Íslenska fyrir útlendinga – Stig 2

Ætlað þeim sem hafa áður sótt námskeið í íslensku og/eða þeim sem hafa nokkra undirstöðu. Lögð er áhersla á talað mál til daglegrar notkunar með umræðum í tímum. Allir þættir tungumálsins eru þjálfaðir eins og skilningur, hlustun, tal, lestur og ritun. Farið verður í grunnþætti málfræðinnar.

Lengd: 40 klst.

Forkröfur náms: Grunnkunnátta í íslensku

Námsmarkmið: Að auka skilning þátttakenda á íslensku

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudaga og fimmtudaga, kl. 19:00-21:00. 6. feb. kl. 19:00-22:00. Hefst 1. sept.

Verð: 31.000 kr.

Sænska fyrir byrjendur

Ert þú að hugsa um að fara til Svíþjóðar í nám eða til að vinna? Langar þig að læra meira um land og þjóð? Á námskeiðinu er lögð áhersla á talað mál í daglegu lífi. Farið verður í grunn málfræðinnar og textar lesnir til að auka við orðaforðann. Bent verður á netsíður sem nemendur geta nýtt sér til sjálfnáms.” Nemendum er velkomið að koma með óskir um umræðuefni og efnisþætti.

Lengd: 16 klst.

Kennari: Kristján Hallberg

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4

Hvenær: Auglýst síðar

Verð: 31.000 kr.

Talnámskeið í ensku fyrir konur

Langar þig einfaldlega að bæta enskukunnáttu þína? Ertu feiminn að tala ensku fyrir framan aðra? Skelltu þér á enskunámskeið með konum, sem eru í sömu sporum. Í lok námskeiðs hefur þú aukið sjálfstraust til samskipta á ensku. Lögð er áhersla á að þjálfra ensku sem talað mál. Námskeiðið er byggt upp á líflegan hátt þar sem áhersla er lögð á að læra ensku í gegnum spjall, hlustun og raunverulegar aðstæður. Skipt er í litla hópa eftir getu hvers og eins.

Lengd: 16 klst.

Kennari: Margrét Reynisdóttir

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4

Hvenær: Miðvikudaga, kl. 19:00-21:00.

Hefst 1. okt. og lýkur 17. nóv.

Verð: 31.000 kr.

Talnámskeið í ensku fyrir karla

Langar þig einfaldlega að bæta enskukunnáttu þína? Ertu feiminn að tala ensku fyrir framan aðra? Skelltu þér á enskunámskeið með körlum, sem eru í sömu sporum. Í lok námskeiðs hefur þú aukið sjálfstraust til samskipta á ensku. Lögð er áhersla á að þjálfra ensku sem talað mál. Námskeiðið er byggt upp á líflegan hátt þar sem áhersla er lögð á að læra ensku í gegnum spjall, hlustun og raunverulegar aðstæður. Skipt er í litla hópa eftir getu hvers og eins.

Lengd: 16 klst.

Kennari: Margrét Reynisdóttir

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudaga, kl. 19:00-21:00.

Hefst 29. sept. og lýkur 19. nóv.

Verð: 31.000 kr.

Framhaldsnámskeið í ensku

Fyrir nemendur sem vilja bæta við enskukunnáttu sína og hafa áður komið á talnámskeið í ensku hjá Margréti. Einstaklingsmiðuð kennsla og námsefni valið eftir getu hvers og eins.

Lengd: 16 klst.

Kennari: Margrét Reynisdóttir

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudaga, kl. 17:00-19:00.

Hefst 7. okt. og lýkur 25. nóv.

Verð: 31.000 kr.



Fyrst og fremst vera jákvæð, hlusta á kennarann og ekki örvænta. Þetta þrennt þarf að muna. Þetta er bara skóli, þetta er bara nám.

Caroline Patricia Simm er 36 ára, einstæð tveggja barna móðir og nemi í sálfræði við Háskólann á Akureyri.

Framhaldsnám Caroline hófst

í SÍMEY árið 2009. Hún skráði sig í Menntastoðir og þaðan lá leið hennar í Háskólabrú Keilis, námsleið sem einnig er kennd hjá SÍMEY.

Caroline er fædd og uppalin í Bretlandi. Eftir að hafa búið í Bandaríkjunum í þrjú ár lá leið fjölskyldunnar til Íslands, nánar tiltekið til Varmahlíðar. Þetta var árið 1989 og þá var Caroline 11 ára gömul. Hún komst fljótt að því að til að komast inn í hópinn kæmist hún ekki upp með annað en að læra íslensku. Tveimur árum seinna flutti Caroline til Akureyrar og hefur búið þar síðan. Eftir flutninginn til Akureyrar tóku við erfið ár. Caroline missti allan áhuga og metnað fyrir námi. Hún eignaðist son þegar hún var 17 ára og í framhaldi af því ákvað hún að hætta í námi. Tók nokkra áfanga í framhaldsskóla en ákvað að hún vildi frekar vera heima og sjá um soninn.

Árið 2006 ákvað Caroline að snúa við blaðinu og líf hennar umturnaðist. Ýmislegt breyttist í lífi Caroline á þessum tíma og þegar hún horfði á kvikmyndina „What the Bleep Do We Know“ opnaðist nýr og spennandi heimur fyrir henni. Hún fékk gríðarlegan áhuga á lífeðlisfræði og öllu sem tengdist heilanum og heilastarfsemi. Með þetta nýja áhugamál að leiðarljósi kviknaði aftur áhugi hennar á námi.

Caroline fékk tækifæri í gegnum Vinnuálastofnun til að hefja nám í Menntastoðum hjá SÍMEY. Það var á

margan hátt erfitt að hefja nám að nýju eftir svona langt hlé en Caroline gekk mjög vel, fékk góðar einkunnir og það gaf henni meira sjálfstraust. Þegar hún var byrjuð kom ekkert annað til greina en að setja markmiðið á háskólanám en það hafði hingað til verið fjarlægur draumur. Caroline kláraði Menntastoðir eftir að hafa farið í barneignaleyfi, fór þá strax í Háskólabrú Keilis og er nú að klára grunnnám í sálfræði.

Caroline telur að hún hefði ekki getað fengið betri undirbúning fyrir háskólanám. „Hefði ég farið þá leið að fara í 4 ár í framhaldsskóla hefði ég ekki nennt í háskóla. Ég hafði áhugann og ég vildi geta farið hratt í gegnum þetta“. Henni finnst hún á margan hátt betur undirbúin en margir þeir sem hafa farið framhaldsskólaleiðina,

sérstaklega þegar kemur að námstækni og heimildaskráningu. „Háskólabrúin er byggð þannig upp að hún er fullkomin undirbúningur fyrir háskólann. Að fara í gegnum hópeflið og finna hvað það er sem maður hefur áhuga á, það finnst mér vanta í framhaldsskóla“.

Nú fer langþráður draumur Caroline senn að rætast. Næstkomandi vor útskrifast hún með B.A. gráðu í sálfræði og í kjölfarið mun hún flytja til Glasgow og fara í M.Sc. nám í taugavísindum. Caroline er að vonum mjög spennt að ná þessu langtímamarkmiði, sem kviknaði við að horfa á eina kvikmynd. „Ég veit ekki hvert þetta leiðir mig en þetta er rétta leiðin“ segir Caroline ákveðin.

Aðspurð hvað námið hefði gefið henni, er hún fljót að svara; „öryggi, sjálfstraust, metnað og margt sem mig vantaði“. Nú hefur Caroline verið í skóla síðastliðin fimm ár og augljóst að hún er hvergi nærri hætt. Dóttir hennar, sem er fjögurra ára þekkir ekki annað en að hún sé að læra, það finnst Caroline líka mjög hvetjandi og finnur hvað það hefur jákvæð og hvetjandi áhrif á börnin. En eru einhverjar hindranir að fara í nám eftir langt hlé? „Já, þetta krefst mikils skipulags, en ef maður áhuga og smá trú á sjálfum sér þá er allt hægt“.

HELP-Start Framhaldsnámskeið

Framhaldsnámskeið í ensku fyrir einstaklinga sem glíma við einhverskonar lestrar- og/eða skriftarörðugleika. Áfram er unnið út frá HELP-Start námsefninu sem nemendur kynntust á byrjendanámskeiði. Kennslugögnin eru líkt og áður bæði hefðbundin, líkt og lesbækur, vinnubækur og glósubækuren einnig óhefðbundin, líkt og töfluspjöld og framburðaræfingar með hreyfingum, en mikið er unnið út frá margvíslegri skynjun samhliða reglulegri endurtekningu.

Í kennslunni eru mynd- og hljóðræn tengsl við tungumálið dýpkuð með bæði málfræði og hinum ýmsu reglum sem aðstoða enn frekar við ritun, lestur og framburð.

Líkt og á byrjendanámskeiðinu fer kennslan fram í fámennum hóp þar sem allt kapp er lagt á afslappað andrúmsloft, jákvæðni, traust og virðingu.

Lengd: 30 klst.

Forkröfur náms: Hafa setið HELP-Start byrjendanámskeið

Kennari: Herdís Ívarsdóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudagar og fimmtudagar, kl. 17:00-20:00. Hefst 28. ágúst og lýkur 30. sept.

Verð: 39.000 kr.

Íslenskunámskeið fyrir Tælendinga – Hákkstúrorama í Íslensku fyrir Tælendinga – หลักสูตรภาษาไทยไอซ์แลนด์สำหรับคนไทย

Námskeið ætlað fólki frá Tælandi með litla undirstöðu í hinu vestræna stafrófi en sem tjáir sig nokkuð í íslensku. Mikil áhersla er lögð á að bæta framburð til að gera mál nemenda skiljanlegt út frá mállhljóðum íslenskunnar.

หลักสูตรสำหรับคนไทยที่มีพื้นฐานน้อยในการใช้ตัวอักษรของภาคตะวันตก แต่สามารถช่วยเหลือตัวเองได้ในระดับหนึ่ง

เน้นความสำคัญมากกับการเพิ่มเติมหลักการ การออกเสียง เพื่อให้นักเรียนฟังภาษาไอซ์แลนด์ได้เข้าใจยิ่งขึ้น

Lengd: 40 klst. ใช้เวลาในการเรียน: 40 ชั่วโมง

Námsmarkmið: Að styrkja og bæta talað mál og lestur. เพื่อช่วยเหลือและเพิ่มเติมเรื่องการพูดและการอ่าน

Kennari: Kamonrat Tiemrat

Hvar สถานที: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudögum og fimmtudögum 18:00-20:00. Hefst 9. september

Verð: 12.000 kr.

Navision-grunnur

Farið er í helstu grunnaðgerðir í nýjustu útgáfu að Navision, NAV 2013 en námskeiðið er sniðið fyrir þá sem eru að hefja vinnu í NAV 2013. Farið er í valmyndir, stofnun spjalda, afmarkanir, og ítarlega í upplýsingaleit, raðanir og annað því tengt. Auk þess verður farið í gegnum það hvernig notendur geta sérsniðið viðmótið í samræmi við vinnu. Á þessu námskeiði er lögð sérstök áhersla á notkun flýtihnappa og afmarkana svo þetta námskeið er góður grunnur fyrir byrjendur í kerfinu, en jafnframt góð viðbót fyrir þá sem unnið hafa við kerfið, en vantar þekkingu á þeim þáttum kerfisins sem eru nauðsynlegir til þess að notandinn geti nýtt sér alla möguleika og kosti kerfisins. Þátttakendur fá tölvur hjá námskeiðshaldara.

Lengd: 3 klst.

Kennari: Ragnar Þór Níelsson

Staðsetning: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudagur 11.nóv. kl.17.00-20:00

Verð: 18.000 kr.

Skýjalausnir í tölvuheiminum

Farið verður í eðli og virkni skýja og mismunandi leiðir skilgreindar allt frá ókeypis lausnum til keypra lausna fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki/stofnanir. Þá verður virkni tveggja algengra skýjalausna tekin fyrir:

- Google Apps og samskipti tengd þeim, t.d. grunnuppsetningar og virkni Google admin console, auk grunnvirkni Gmail, GoogleDocs, GoogleCalendar og annarra tengdra smáforrita.
- Uppsetning og grunnvirkni Office365 frá Microsoft þar sem farið er í gegnum uppsetningu, virkni stjórnborðs, uppsetningu appa/smáforrita og hvernig Office-hlutar virka á vefviðmóti.

Lengd: 6 klst.

Kennari: Svavar Þór Guðmundsson

Staðsetning: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudagur - miðvikudagur 24.,25. og 26.nóv. kl.17:00-19.00

Verð: 20.000 kr.

Markviss þarfagreining

Markviss er aðferðafræði þar sem megin áhersla í fyrirtækingu er lögð á að stjórnendur og aðrir starfsmenn vinni saman að þeirri uppbyggingu sem þörf er á. Markviss býður upp á einföld verkfæri sem fyrirtæki geta notað og sniðið að eigin þörfum. Með aðferðafræði Markviss er gengið úr skugga um að starfsmannastefna fyrirtækisins sé í takt við aðra þróun þess. Fjöldmörg fyrirtæki bæði hér á svæðinu og á Íslandi hafa náð góðum árangri í uppbyggingu fræðslumála með Markviss. Fjöldmargir endurmenntunarsjóðir hafa styrkt ráðgjöfina. Fyrsta skrefið er að bóka stutta ókeypis kynningu frá okkur. **Sími 460 5720 eða simey@simey.is**

Ertu félagi í Einingu-löju? Langar þig í nám eða á námskeið?

Hafðu samband við félagið og kynntu þér möguleika þína varðandi námsstyrki



Skannaðu kóðann og
kíktu á www.ein.is!

Eining-löja á aðild að fræðslusjóðunum Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Sjóðirnir veita annars vegar einstaklingsstyrki vegna einstakra námskeiða og hins vegar styrki til stærri verkefna þar sem um væri að ræða samstarf fyrirtækja og verkalýðsfélaga í starfsmenntun, það er skipulagning á heildarlausnum starfstengdra námskeiða á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins.

Félagsmenn eiga rétt á að sækja um að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og hvetjum við ykkur til að hafa samband við félagið og kanna ykkar rétt.

Allar nánari upplýsingar veitir Brynja Skarphéðinsdóttir, fræðslufulltrúi Einingar-löju.

EINING-LÖJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍN!

Eining-löja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni!

Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð

460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is



Windows 8.0/8.1, „Tips and tricks“

Farið er yfir helstu grunnaðgerðir í Windows 8.0/8.1 auk þess að kynna ýmsa viðbótarvirkni og samhengi við „skýjaþjónustur“. T.d. „Family safty“ og OneDrive, smáforrit (apps) og vistun upplýsinga, tenging við Windows Live ID. Æskilegt er að þátttakendur komi með sína eigin vél með Windows 8.0/8.1, ef það er ekki kostur þá fá þátttakendur lánaða vél.

Lengd: 2 klst.

Kennari: Svavar Þór Guðmundsson

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Fimmtudagur 23. okt. kl. 17:00-19:00

Verð: 12.000 kr.

Picasa ljósmyndaforritið

Á námskeiðinu verður nemendum kennt að flokka og lagfæra myndirnar sínar í tölvunni. Laga lýsingu, taka burtu rauð augu, bólur og önnur atriði sem geta truflað okkur við fallega ljósmynd. Námskeiðið skiptist í tvo hluta. Fyrri 3 tímarnir fara í að flokka myndir, merkja staðsetningu þeirra á kort, setja þær á internetið auk útprentunar. Seinni hlutinn fer í að lagfæra myndir hvort sem er um galla að ræða eða þörf fyrir lítilsháttar breytingar. Forritið sem stuðst er við er ókeypis og aðgengilegt á internetinu. Einn af kostum forritsins er að hægt er að merkja hverjir eru á hverri mynd og forritið fer að þekkja þá sem eru á myndunum.

Lengd: 6 klst.

Kennari: Vilberg Helgason

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudaga, 13. og 20. okt. kl. 17:00-20:00

Verð: 16.000 kr.

Raunfærnimat í iðngreinum

Ert þú 25 ára eða eldri, með 5 ára staðfestan vinnutíma í iðngrein og hefur áhuga á að ljúka námi og öðlast réttindi? Ef svo er, þá er hér góður möguleiki fyrir þig því SÍMEY er að fara af stað með nýtt raunfærnimatsverkefni á Akureyri. Raunfærnimat er hugsað fyrir einstaklinga sem hafa tekið þátt í formlegu námi, óformlegu námi og formlausu námi. Það tekur til bæði verklegs- og bóklegs náms. Í stuttu máli er það hugsað fyrir þá sem hafa hafið nám í einhverri iðngrein en síðan hætt náminu af einhverjum ástæðum.

Raunfærnimat hjálpar einstaklingum að ljúka námi sínu og að fá stöðu sína metna.

Allar frekari upplýsingar eru í síma 460-5720 og á www.simey.is

Ipad fyrir byrjendur

Einstaklingsmiðað nám í rólegu andrúmslofti þar sem nemendur mæta með Ipad. Byrjað er á að fara yfir allar stillingar sem nauðsynlegt er að vita af og velja hvernig notandinn vill hafa, svo sem læsingar, stillingar til að sækja eða kaupa smáforrit á netinu, tenging við tölvupóst o.fl. Seinni hluti námskeiðsins fer í að skoða þau fjölmörgu smáforrit sem eru í boði, innlend sem erlend auk þess sem kennt verður að tengja Ipad við Itunes og setja inn á hann tónlist, hljóðbækur og bækur.

Lengd: 6 klst.

Kennari: Vilberg Helgason

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Fimmtudaga 18. og 25. sept. kl. 16:30-19:30

Verð: 13.000 kr.

Outlook í tölvunni, símanum og spjaldtölvunni

Outlook í tölvunni, símanum og spjaldtölvunni

Á þessu námskeiði verður farið í hvernig hægt er að nýta Outlook sem hópvinnumakerfi og/eða verkefnastjórnunartæki. Hentar bæði fyrirtækjum sem og fjölskyldum. Hægt er að setja öðrum fyrir verkefni, taka við verkefnabeidnum, færa inn í dagbækur hvert hjá öðru auk þess að halda utan um tölvupóstinn sinn og nýta til þess öll tæki sem eru að verða hluti af daglegu lífi okkar.

Lengd: 12 klst.

Kennari: Vilberg Helgason

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudagur 3. nóv. og fimmtudagar 20. og 27. nóv. kl.17:00-20:00

Verð: 21.500 kr.

Excel fyrir byrjendur

Námskeiðið er ætlað byrjendum og þeim sem kunna lítið í Excel. Þátttakendur þurfa að hafa nokkra reynslu af því að vinna við tölvur en vilja læra undirstöðuatriðin í töflureikninum.

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur skilji uppbyggingu töflureikna og tileinki sér nákvæmni í ritun texta og talna. Farið verður yfir formúlugerð með og án innbyggðra reiknifalla, gerð og viðhald reiknilíkana, útlitsmótun texta og talna. Þátttakendur læra að skipta efni rétt niður á síður og beita blaðsíðutali og föstum skilaboðum, gera myndrit (línu- og súlurit) og beita prentskoðun og mismunandi aðferðir við útprentun.

Lengd: 12 klst.

Kennari: Helgi Kristinsson

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Fimmtudaga, kl. 16:30-19:30. Hefst 30. okt. og lýkur 20. nóv.

Verð: 29.500 kr.

Pure Ebba – Heilsa fyrir alla

Ebba Guðný segir okkur hvernig við getum á auðveldan hátt gert eitt og annað til að bæta heilsu okkar og fjölskyldu okkar. Hún gefur okkur hagnýt ráð og fullt af fróðleik sem ætti að geta nýst öllum, ungum sem öldnum.

Lengd: 2 klst.

Kennari: Ebba Guðný Guðmundsdóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Miðvikudagur 24. sept. kl. 17:00-19:00

Verð: 3.500 kr.

Brauð- og eftirréttir Maríu Kristu

Viltu koma á námskeið í sykur-, ger og glútenlausri matagerð?

Á námskeiðinu verða útbúnir einfaldir og góðir smáréttir sem henta í veisluna, sem meðlæti og sem heilar máltíðir. Útbúnir verða um 12-14 mismunandi réttir sem við setjum á borð í lok námskeiðs og gæðum okkur á saman. Þetta verður sannkölluð veisla fyrir bragðlaukana og þátttakendur taka virkan þátt í matreiðslunni.

Lengd: 4 klst.

Kennari: María Krista Hreiðarsdóttir

Hvar: Verkmenntaskólinn á Akureyri

Hvenær: Laugardagur 8. nóv. kl. 11:00-15:00

Verð: 14.500 kr.

Líkamsrækt 101 fyrir byrjendur

Farið er yfir grundvallaratriðin í líkamsrækt, hvar er best að byrja, hvaða steinum þarf að velta við, hvaða hegðun og venjum þurfum við að breyta til að breyta lífsstíl til frambúðar. Fyrirlestur og kennsla á grundvallaræfingum kemur þér á réttan stað. Öfgalaus lífsstíll til frambúðar. Venjulegt verð á námskeiðinu er 8.900 kr.

Kennari: Davíð Kristinsson

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Miðvikudagur 17. sept. kl. 18:00-21:00

Verð: 1.000 kr.

Skapandi ljósmyndun

Grunnatriði í ljósmyndataekni og myndbyggingu með áherslu á hagnýt atriði fyrir þá sem hafa ljósmyndun sem áhugamál eða vilja betri myndir í fjölskyldualbúmið. Tekist á við krefjandi verkefni í samráði við hópinn bæði innandyra sem utan og fjallað lítillega um myndvinnslu og varðveislu mynda.

Lengd: 12 klst.

Kennari: Daníel Starrason.

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudaga, kl. 20:00-23:00. Hefst 29. sept. og lýkur 20. okt.

Verð: 21.000 kr.

Adobe Ligthroom

Kennsla í notkun forrītsins Adobe Lightroom til varðveislu mynda og myndvinnslu. Meðal þess sem fjallað verður um er hvernig forritið er byggt upp, notkun lykilorða, skipulag á myndum, litaleiðréttingar og myndvinnslu. Einnig verður farið yfir hvernig forritið má nota samhliða Adobe Photoshop og fjallað um kosti hvors forrīts.

Lengd: 6 klst.

Kennari: Daníel Starrason.

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudaga, kl. 20:00-23:00. Hefst 27. okt. og lýkur 3. nóv.

Verð: 14.500 kr.

Ertu kaffiunnandi?

Viltu vita meira um kaffi, kynnast ólíkum uppáhellingaraðferðum og læra að greina ýmis bragðeinkenni þess? Á námskeiðinu verður stutt kynning á ræktun og vinnslu hráefnisins og gerður verður greinarmunur á Arabica og Robusta tveimur aðalstofnum kaffiplöntunnar. Fræðsla verður um mismunandi uppáhellingaraðferðir, þar sem farið verður yfir ólík áhrif hverrar aðferðar og ýmis önnur atriði sem gott er að hafa í huga við kaffilögun. Námskeiðinu lýkur með smökkun á nokkrum kaffitegundum frá ólíkum heimshornum þar sem þátttakendum gefst kostur á að læra að greina helstu eiginleika tegunda s.s. sýrni, mýkt og fyllingu.

Lengd: 3 klst.

Kennari: Hildur Friðriksdóttir kaffibarþjónn

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4

Hvenær: Fimmtudagur 23. okt. kl. 19:00-22:00

Verð: 6.000 kr.

Vín og tapas

Fátt er hægt að hugsa sér betra en vín og tapas á huggulegri kvöldstund. Nú býðst vínsmökkunarnámskeið þar sem áherslan er á þessa frægu tvennu þ.e. vín og tapas. Það er engin önnur en reynsluboltinn Dominique Plédel Jónsson frá Vínskólanum sem leiðbeinir á námskeiðinu af sinni alkunnu snilld. Margir kannast við nafnið hennar frá vísíðum Gestgjafans þar sem hún heldur utan um vínurfjöllun blaðsins. Smakkað verður á nokkrum vintegundum og nokkrum tapasréttum undir handleiðslu Dominique sem leiðbeinir hvað passar best með hverju en hún tengir saman vín og mat af einstakri fagkunnáttu og áratuga reynslu.

Lengd: 2 klst.

Kennari: Dominique Plédel Jónsson

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4

Hvenær: Föstudagur 14. nóv. kl. 17:00-19:00

Verð: 9.000 kr.

Viskínámskeið með Snorra Guð

Í vetur verður eingöngu unnið með Skotland. Nú spáum við í muninn milli Highland, Lowland, Island, Islay og Speyside tegunda, sérstöðu svæðanna og einkenni. Eingöngu einmöltungar að sjálfsögðu! Í lokin verður greining í hópavinnu.

Lengd: 3 klst.

Kennari: Snorri Guðvarðsson

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Fimmtudagur 2 okt. kl. 19:30-22:30

Verð: 6.000 kr.

Náttúran með nýjum augum – námskeið í skapandi skrifum

Á námskeiðinu læra þátttakendur að skrifa um náttúruna á grípandi hátt og tileinka sér nýjar ritunaraðferðir. Þátttakendur leysa stutt ritunarverkefni sem snúast um að skynja náttúruna með öllum skilningarvitum. Þeir skrifa texta um upplifun sína, e.t.v. með það fyrir augum að nota í ferðaþjónustu. Að hverju verkefni loknu les hver þátttakandi textann sinn upphátt fyrir hópinn sem ræðir saman um innihald hans og áhrif á lesandann. Málfar og málnotkun verður ekki tekið sérstaklega til umræðu nema sem hluti af umræðu um áhrifamátt textans. Þátttakendur geta skrifað á íslensku eða ensku.

Lengd: 4 klst.

Kennari: Björg Árnadóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudagur 16. sept. kl. 18:00-22:00

Verð: 13.000 kr.

Ostagerð – heimavinnsla mjólkurafurða

Á námskeiðinu verður farið í einstaka þætti ostaframleiðslu. Framleiðsla ostategunda skoðuð til að fá tilfinningu fyrir hver er munur á vinnsluaðferðum á t.d. skyri, brauðosti, gráðaosti og smurostum. Sýnikennsla og verklegar tilraunir gerðar með einfaldri framleiðslu. Farið yfir heimaframleiðslu í samanburði við hefðbundna mjólkurvinnslu. Rætt ýtarlega um tæki, tól og aðstöðu, sem þarf fyrir hverja ostategund. Tími gefinn í umræður um framleiðsluaðstæður og möguleika þátttakenda á heimavinnslu mjólkurafurða.

Lengd: 5 klst.

Kennari: Þórarinn Egill Sveinsson

Hvar: Auglýst síðar

Hvenær: Laugardagur 4. okt. kl. 10:30-17:30

Verð: 15.900 kr. *Ostagerðabókin innifalin í verði*

Hnífasmíði

Á námskeiðinu verður þátttakendum kennt að smíða hnífa. Fyrri daginn er hnífurinn mótaður og límdur saman og fyrirlestur haldinn um hnífasmíði. Seinni daginn er hnífurinn fínsmíðaður og brýning kennd. Innifalið í verði námskeiðsins er handsníðað hnífsblað og efni í skefti.

Lengd: 10 klst.

Námsmarkmið: Læra grunnatriði þess að vinna hnífsblað og skefta hníf.

Kennari: Jóhann Vilhjálmsson.

Hvar: Brekkuskóli, smíðastofa.

Hvenær: Laugardag og sunnudag, 18. og 19. okt. kl. 10:00-15:00

Verð: 30.000 kr.

Hvað liggur þér á hjarta? Námskeið um skemmtilegar færslur á facebook

Notaðar eru skapandi og skemmtilegar aðferðir til hrista hópinn saman og finna rithöfundinn í hverjum og einum. Skrifaðir eru stuttir textar með mismunandi aðferðum. Hópurinn ræðir hvern texta og þátttakendur velta fyrir sér á hvaða hátt þeir vilja nota Facebook til að koma upplýsingum, skoðunum og hugleiðingum á framfæri. Sex kennslustundir fara fram í kennslustofu og tvær kennslustundir á sérstakri facebook-síðu þar sem afrakstur námskeiðsins er skoðaður.

Lengd: 4 klst.

Kennari: Björg Árnadóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Miðvikudagur 10. sept. kl. 18:00-22:00

Verð: 13.000 kr.

Viskínámskeið með Snorra Guð

Eingöngu unnið með Skotland. Stutt til jóla og rétti tíminn til að spá í hvernig hægt er að nýta viskí yfir hátíðirnar. Pörun við mat eða súkkulaði er skemmtileg þæling. Bæði einmöltungar og blandað viskí með á þessu námskeiði. Nokkur góð hátíða-viskí tekin fyrir í restina.

Lengd: 3 klst.

Kennari: Snorri Guðvarðsson

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Fimmtudagur 13 nóv. kl. 19:00-22:00

Verð: 6.000 kr.

Styrkur þinn til náms

Sveitamennt styrkir starfsmenntun innan sveitafélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni

Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna

Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar

 **Sveitamennt**

Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401 • www.sveitamennt.is • sveitamennt@sveitamennt.is

Furðuheimar mannkynssögunnar með Illuga Jökulssyni

Var það sem gerðist óhjákvæmilegt eða hefðu smáatriði getað valdið því að allt hefði orðið öðruvísi?! “Hjásaga” eða “Hvað ef” saga fæst við spurningar eins og þá hvað hefði gerst ef Adolf Hitler hefði fallið í fyrri heimsstyrjöldinni. Hefði hryllingur seinni heimsstyrjaldar og helfararinnar gegn Gyðingum þá ekki átt sér stað? Eða hvað hefði gerst ef Napóleon Bónaparte hefði ekki tapað við Waterloo 1815? Hefðu Frakkar ráðið Evrópu til langframa og stofnað eins konar Evrópusamband nærri 200 árum fyrir en raun varð á?

Illugi Jökulsson hefur lengi verið áhugamaður um spurningar af þessu tagi, og á þessu námskeiði mun hann nefna fjöldamörg merkileg dæmi um smávægilega atburði sem kunna að hafa breytt mjög miklu um gang veraldar sögunnar. Á bak við skemmtilegar og heillandi spurningar og dæmisögur búa þó alltaf mikilvægar spurningar: Að hve miklu leyti er sagan leiksoppur tilviljana og einstaklinga og að hve miklu leyti fylgir allt tiltölulega fyrirfram ákveðnum straumi?

Lengd: 3 klst.

Kennari: Illugi Jökulsson.

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4

Hvenær: Laugardagur 8. nóv. kl. 13:00-16:00

Verð: 10.000 kr.

Að skrifa smásögu – námskeið í skapandi skrifum

Skrifaðir eru stuttir textar sem leiðbeinandi leggur fyrir og æfa ýmsa þætti smásagnaritunar. Textarnir eru lesnir og ræddir í hópnum. Lokaverkefni námskeiðsins er að skrifa smásögu, annaðhvort út frá efni sem þátttakendur eiga í handraðanum eða því sem orðið hefur til á námskeiðinu. Allar sögur lesnar í hópnum og rætt um þær. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast meiri blæbrigði í skrifum sínum, kynnst nýrri ritunartækni og nýjum leiðum til að leita sér innblásturs, vanist því að aðrir lesi skrif þeirra og öðlast reynslu í að rýna í texta annarra

Lengd: 10 klst.

Kennari: Björg Árnadóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Föstudagur 17. okt. kl. 19:00-22:00, Laugardagur og sunnudagur 18. og 19. okt. kl. 10:00-15:00

Verð: 28.000 kr.

Sigur í samkeppni – Lærðu að lesa í fólk og aðstæður

Hvernig við hugsum, bregðumst við, tökum ákvarðanir, eigum samskipti, stjórnnum fólki, seljum og þjónustum viðskiptavini, veltur allt á því hvernig við hugsum. Á námskeiðinu er notast við NBI litakerfið til að útskýra með einföldum hætti fjórar grunnhugneigðir einstaklinga, styrk-og veikleika hvernar hneigðar og hvernig hægt er að taka tillit til annarra í stað þess að láta þá fara í taugarnar á sér.

Lengd: 3 klst.

Kennari: Ingvar Jónsson

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Fimmtudagur 2. okt. kl. 14:00-17:00

Verð: 29.000 kr.

Leiðir til virkara lífs

Um er að ræða námskeið sem fræðir fólk um eðli og tengsl hugsana, hegðunar og tilfinninga. Rætt verður um forðunarhegðun og leiðir til þess að öðlast sálfræðilegan sveigjanleika og læra að yfirstíga efann og óöryggið sem hefur áhrif á lífsgæði okkar og möguleika á framþróun. Á námskeiðinu verður farið í ýmsar hagnýtar aðferðir til að tækla erfiðar og óþægilegar hugsanir og leiðir til þess að virkja sig í athöfnum daglegs líf og lifa eftir þeim gildum sem við viljum.

Lengd: 6 klst.

Kennari: Jóhanna Ella Jónsdóttir

Staðsetning: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Laugardagur 8.nóv. kl. 09:00-16:00

Verð: 27.500 kr.

Íþróttasálfræði - Hagnýtar aðferðir til að hámarka árangur

Á námskeiðinu, sem ætlað er íþróttfræðingum, sálfræðingum, þjálfurum og öðrum áhugasömum, verður farið yfir helstu grunnatriði íþróttasálfræðinnar. Fjallað verður um kenningar í íþróttasálfræði og hvernig þeir sem starfa með íþróttamönnum geta nýtt þær kenningar til að bæta árangur. Lögð verður áhersla á hugarþjálfun og skynmyndir, einbeitingu í íþróttum, markmiðssetningu íþróttamanna, sjálfstraust, kvíða og spennustig, endurgjöf og samstöðu í íþróttum.

Lengd: 5 klst.

Kennari: Hafrún Kristjánsdóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Föstudagur 26. sept. kl. 9:00-15:00

Verð: 11.500 kr.

Jákvæður agi – Foreldranámskeið

Jákvæður agi kennir börnum og unglingum félagsfærni og lífsleikni. Jákvæður agi byggir upp samband væntumþykju og virðingar milli barns og fullorðins og meginmarkið er sameiginleg lausnaleit. Jákvæður agi leggur áherslu á að kenna, hvetja og sýna skilning í samskiptum sem byggja á gagnkvæmri virðingu.

Á námskeiðinu eru lögð rík áhersla á þátttöku allra í æfingum og umræðum þeim tengdum. Einnig verður fjallað um uppbyggingu fjölskyldufunda og verkfæri Jákvæðs aga. Þátttakendur nota fjölskyldufundi og verkfærin þær vikur sem námskeiðið stendur yfir og deila reynslu sinni á námskeiðinu.

Lengd: 14 klst.

Kennari: Aníta Jónsdóttir, Ágúst Jakobsson, Inga Huld Pálsdóttir og Jónína Hauksdóttir

Hvar: Naustaskóli

Hvenær: Mánudagar, kl. 17:00-19:00. Hefst 22. sept. og lýkur 3. nóv.

Verð: 24.000 kr.

Lífstíll og tímastjórnun í námi

Markmið námskeiðsins er að aðstoða þátttakendur við að ná tökum á og skipuleggja tíma sinn með það fyrir augum að draga úr streitu, bæta námsárangur og auka lífsgæði í námi. Fjallað verður um mikilvægi lífstíls (frítíma, mataræðis, tómsstunda, hreyfingar, svefns o.fl.) fyrir andlega og líkamlega líðan. Kennar verða árangursríkar leiðir í tímastjórnun, til að draga úr frestun, minnka fullkominaráráttu og auka sjálfsöryggi. Námskeiðið byggir á hagnýtum þáttum úr atferlisfræði og hugrænni atferlismeðferð.

Atvinnuviðtalið

Þetta námskeið er ætlað öllum atvinnuleitendum sem vilja hámarka líkursínar á að ná árangri í atvinnuviðtali. Í fyrirlestrum er farið yfir þau atriði sem gætu aukið líkurnar á ráðningu. Farið er yfir undirbúning, spurningar í viðtali, hverju atvinnurekendur leita eftir og hvaða þættir skipta máli í slíkum aðstæðum, litlu hlutirnir sem gætu hitt í mark. En einnig verður farið yfir þá hluti sem gætu skemmt fyrir og hvað beri að forðast í atvinnuviðtali.

Lengd: 3 klst.

Kennari: Guðlaugur Örn Hauksson

Staðsetning: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudagur 13. okt. kl. 13:00-16:00

Verð: 13.500 kr.

Lengd: 6 klst.

Kennari: Pétur Maack Þorsteinsson.

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4

Hvenær: Fimmtudaga, kl. 20:00-22:00. Hefst 11. sept. og lýkur 25. sept.

Verð: 25.000 kr.

Lætur þú ljúga að þér?

Aðalviðfangsefni námskeiðsins er gagnrýnin hugsun: Hvað er gagnrýnin hugsun, hvaða kröfur gerir hún til þess sem vill ástunda hana, hvernig má beita henni og hvenær? Hvernig get ég nýtt gagnrýna hugsun til að bæta mínar eigin skoðanir?

Helstu viðfangsefni verða mælskubrögð, rökvillur og trúverðugleiki. Að síðustu verður fjallað um íslenska umræðuhefð með hliðsjón af efni námskeiðsins.

Lengd: 9 klst.

Námsmarkmið: Að þátttakendur fái grunnskilning á gagnrýninni hugsun, og möguleika á að þjálfra hana og beita í daglegu lífi

Kennari: Þórgnýr Dýrfjörð

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudagar og fimmtudagar, kl 19:00-22:00. 4., 6. og 11. nóv.

Verð: 18.000 kr.

Prófkvíði og prófstreita

Markmiðið með námskeiðinu er að þátttakendur læri að takast á við prófkvíða og prófstreitu með þrautreyndum aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar. Þátttakendur læra að þekkja einkenni kvíða, hvers vegna við verðum kvíðin og aðferðir til að bregðast við kvíðaeinkennum. Á námskeiðinu verða viðbrögð við prófkvíða kennd en einnig verður lög rík áhersla á aðferðir til að fyrirbyggja prófkvíða. Allir þátttakendur fara í matsviðtal áður en námskeiðið hefst. Matsviðtalið getur staðið í 60-90 mínútur og er innfalið í námskeiðsgjaldi.

Lengd: 8 klst.

Kennari: Pétur Maack Þorsteinsson

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4

Hvenær: Fimmtudaga, kl. 19:30-21:30. Hefst 30. okt. og lýkur 20. nóv.

Verð: 44.000 kr.

Viltu kynnst Mindfulness?

Ef þú hefur ekki stjórn á huganum, hefur hugurinn stjórn á þér!

Áhrifaríkt og hnitmiðað námskeið fyrir þá sem vilja losna undan hugarangri, áhyggjum og streitu. Streita er talinn helsti heilsuvandi Vesturlandabúa um þessar mundir þar sem hraði, hugarvíl og margskonar áreiti einkenna líf okkar flestra (sbr. Alþjóða heilbrigðisstofnunin). Mindfulness er öflugasta leiðin sem við þekkjum í dag til að vinna á streitu og efla heilbrigði, jákvætt hugarfar, vellíðan og sátt.

Lengd: 1,5 klst.

Námsmarkmið: Að öðlast skilning á hvernig hugurinn starfar og hvernig hann hefur áhrif á líðan okkar. Við kynnumst því hvernig grunnviðhorf (afstaða) skapar upplifun okkar og hvernig við getum valið okkur viðhorf. Við lærum nokkrar hagnýtar Mindfulness æfingar og aðferðir sem gagnast til að staldra við líðandi stund (núvitund) og efla hugarró og sátt.

Kennari: Ásdís Olsen

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4

Hvenær: Miðvikudagur 17. sept. kl. 17:00-18:30

Verð: 10.000 kr.

Nám fyrir dagforeldra

Markmiðið með námskeiðinu er að veita hnitmiðaða og vel uppbyggða fræðslu um m.a. uppeldi og umönnun barna, þarfir þeirra og þroska, barnasjúkdóma, slys í heimahúsum og fyrstu hjálp, eldvarnir og öryggi barna. Að sitja námskeiðið er eitt þeirra skilyrða sem þarf að uppfylla til þess að fá leyfi sem dagforeldri en gefur þó ekki sjálfkrafa réttindi til að starfa.

Lengd: 47 klst.

Námsmarkmið: Að þátttakendur öðlist aukna færni og þekkingu á starfi dagforeldra

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudaga og fimmtudaga, kl. 17:00-20:00 og tvo laugardaga. Hefst 2. sept. og lýkur í okt.

Verð: 85.000 kr.

Námskeið fyrir túlka

Námskeið fyrir fólk sem býr yfir það mikilli færni í íslensku og öðru tungumáli að það geti starfað sem samfélagstúlkar. Á námskeiðinu er farið nákvæmlega yfir siða- og vinnureglur túlka, framkoma og hegðun túlks er æfð með hutverkaleikjum og einnig er fjallað ítarlega um álitamál sem upp kunna að koma við túlkun.

Eftir námskeiðið er möguleiki á að túlka fyrir InterCultural Iceland (ICI).

Verkefnastjórnun

Námskeiðið er grunnnámskeið í verkefnastjórnun og hentar fyrir alla sem taka þátt í verkefnum, stýra verkefnum eða vilja auka þekkingu sína á skipulögðum vinnubrögðum. Á námskeiðinu er fjallað um verkefni almennt og stjórnun verkefna frá upphafi til verkloka. Mikil áhersla lögð á undirbúning verkefna og áætlanagerð, svo sem verkáætlun, tímaáætlun, áætlun um kostnað og fjármögnun. Þátttakendur fá þjálfun í að skilgreina verk og raða verkum, verkhlutum eða áföngum í skynsamlega tímaröð. Að námskeiðinu loknu eiga þátttakendur að þekkja til grunnatriða í verkefnastjórnun og eiga auðveldara með að takast á við fjölbreytt verkefni.

Lengd: 9 klst.

Námsmarkmið: Að þátttakendur öðlist aukin skilning á grunnatriðum verkefnastjórnunar

Kennari: Sigurður Steingrímsson

Staðsetning: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Miðvikudagar 8. 15. og 22. okt. kl.16:00-19:00

Verð: 17.500 kr.

Lengd: 12 klst.

Kennari: Angélica Cantú Dávila

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Laugardagur 25. okt. kl. 09:00-15:00 og sunnudagur 26. okt. kl. 09:30-15:30

Verð: 29:500 kr.

Mindfulness fyrir stjórnendur

Áhrifaríkt námskeið með Ásdísi Olsen fyrir stjórnendur, teymisleiðtoga, verkefnastjóra, mannauðsstjóra, gæðastjóra, umbótaleiðtoga, kennara, deildarstjóra, hópstjóra og bara alla þá sem vilja kynna Mindfulness af eigin raun. Þú lærir hagnýtar aðferðir og áhrifaríkar æfingar sem leiða til enduruppgötunar á hefðbundnum viðgangsefnum og ekki síst þér sjálfri/um:

- Efla hugarró og skerpa einbeitingu
- Auka orku og virkja sköpunarkraft
- Ná fram vellíðan og sátt í lífi og starfi
- Að beita aðferðum Mindfulness með teyminu þínu
- Vera með fullri meðvitund á líðandi stundu
- Forðast streð og stjórnlausar hugsanir
- Uppgötva sjálfan þig upp á nýtt
- Láta huga þinn þjóna þér betur
- Upplífa og njóta lífsins á líðandi stundu

Lengd: 3 klst.

Námsmarkmið: Nýr skilningur á eigin hugarfari og samspili hugsana, tilfinninga og hegðunar. Þátttakendur læra hagnýtar aðferðir til að finna hugarró og sátt í dagsins önn. Betri hlustun, yfirvegum, næmni og innsæi, meiri samskiptahæfni og aukinn styrkur og öryggi í leiðtogahluverkinu.

Kennari: Ásdís Olsen

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Miðvikudagur 17. sept. kl. 10:00-13:00

Verð: 35.000 kr.

(Innifalið í verði er geisladiskur, námsgögn og létt veitingar)

100 leiðir til að hvetja starfsfólk

Rannsóknir hafa ítrekað sýnt að einn sterkasti hvati fyrir frammistöðu í starfi er viðurkenning fyrir vel unnin störf. Margir gera sér í hugarlund að eini og mikilvægasti þátturinn séu peningar eða hærri laun en raunin er önnur. Til eru margar leiðir til að hvetja fólk áfram og á þessu námskeiði verður talað um að minnsta 100 aðferðir. Einnig verður farið í það af hverju fólk gerir það sem það gerir og hvernig við getum nýtt þá þekkingu til þess að hvetja fólk áfram í starfi. Unnið er með lögmál hegðunar og hvernig er hægt að nota þau í stjórnun og í því að setja frammistöðumarkmið. Eftir námskeiðið eru þátttakendur með í höndum ný verkfæri og fjöldan allan af nýjum hugmyndum og leiðum til að hvetja starfsfólk áfram til dáða og geta hafist strax handa. Þetta námskeið er ætlað öllum þeim sem hafa mannaforráð af einhverju tagi eða eru í þeirri stöðu að þurfa að hvetja fólk til dáða.

Lengd: 6 klst

Kennari: Jóhanna Ella Jónsdóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudagur 20. okt. kl. 09:00-16:00

Verð: 27.500 kr.

Námskeið fyrir notendur túlka

Stutt námskeið fyrir fólk sem nýtir sér túlkaþjónustu í störfum sínum t.d. heilbrigðisstarfsfólk, kennara, starfsfólk félagsþjónustu eða annað opinbert starfsfólk.

Á námskeiðinu er farið yfir þær kröfur sem gerðar eru til túlka (siða- og vinnureglur) þannig að notendur túlkaþjónustu viti hvers má krefjast af faglegum túlki en einnig bent á atriði sem gagnlegt er að hafa í huga þegar þjónusta er veitt með aðstoð túlks.

Lengd: 2 klst.

Kennari: Angélica Cantú Dávila, verkefnastjóri túlka- og þýðingarþjónustu InterCultural Ísland.

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4.

Hvenær: Laugardagur 25. okt. kl. 16:00-18:00

Verð: 8.500 kr.

Sálrænn stuðningur fyrir túlka

Hvað er áfall? Áhrif alvarlegra atvika á einstaklinginn. Sálræn skyndihjálp. Sjálfsrýni - hvað get ég gert? Stuðningur við úrvinnslu alvarlegs atviks. Munur á alvarlegum atvikum og glímunni við lífið. Mismunandi tegundir áfall. Áhrif streitu á einstaklinginn.

Lengd: 3,5 klst.

Námsmarkmið: Að þátttakendur kynnist gildi sálræns stuðnings í aðstæðum sem geta valdið áföllum.

Kennari: Álfheiður Svana Kristjánsdóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstígur 4

Hvenær: Miðvikudagur 12. nóv. kl. 17:00-20:30

Verð: 8.000 kr.

Moodle

Moodle er það kennslumhverfi á vefnum sem hvað flestar menntastofnanir eru að nota í dag. SÍMEY býður upp á Moodle-námskeið þar sem skoðuð verða atriði sem lúta að, skipulagi, hönnun og uppsetningu námskeiðs í Moodle. Einnig verður farið í hvernig á að setja saman talglærur, gerð kannana og notkun ýmissa verkfæra sem eru til taks í Moodle

Lengd: 3 klst.

Kennari: Helgi Þ. Svavarsson

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Miðvikudagur 3. sept. kl. 16:00-19:00

Verð: 10.000 kr.

Nýtt - Föstudagsörnámsskeið

Föstudagsörnámsskeið eru hugsuð fyrir fólk sem vill nýta tíma sinn vel. Námskeiðin eru á fyrirlestrarformi, stutt og hnitmiðuð. Hver og einn þátttakandi fær fyrirlestrarnótur með sér heim. Súpa, brauð og kaffi eru hluti af námskeiðsgjaldi. Námskeiðin hefjast á slaginu 12:00 og standa öll í eina klukkustund. Mæting er fimmtán mínútum fyrr eða klukkan 11:45 til að fá sér súpu.

Kennari: Dóróthea Jónsdóttir.



Outlook – lærðu meira!

Námskeið ætlað þeim sem vilja skoða möguleika Outlook tölvupóstforritsins. Margir hafa unnið með forritið svo árum skiptir án þess að hafa hugmynd um hvernig nýta megi það á skipulagðari máta. Þetta mikilvæga vinnutæki er partur af daglegri notkun margra – hugmyndin er að kynna nokkrar praktískar og einfaldar aðferðir sem auðvelda utanumhald. Við munum leitast við að svara lykilspurningum eins og: Er skynsamlegt til lengri tíma að flokka tölvupóst í möppur? Hvernig getur maður verið viss um að hafa lesið alla póstana? Sparar það tíma að notfæra sér flýtleiðir? Námskeiðið hentar notendum á hvaða stigi sem er.

Lengd: 1 klst.

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4.

Hvenær: Föstudaginn 12. sept. klukkan 12:00-13:00 – mæting klukkan 11:45 í súpu.

Verð: 4.500 kr.

Áttu eitthvað af ljósmyndum í tölvunni og símanum?

Námskeið ætlað þeim sem vilja smá spark í rassinn. Eftir stafrænu tæknibyltinguna nýta flestir símann, spjaldtölvur og stafrænar myndavélar til myndatöku. Hvað verður svo um allar myndirnar sem eru teknar? Hversu leiðinlegt væri það ef tölvan hryndi og myndasafnið glataðist. Við munum fara yfir það hvaða möguleika við höfum varðandi geymslu ljósmynda, framköllun og fleira spennandi! Námskeiðið getur hentað notendum á hvaða stigi sem er.

Lengd: 1 klst.

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4.

Hvenær: Föstudaginn 26. sept. klukkan 12:00-13:00 – mæting klukkan 11:45 í súpu.

Verð: 4.500 kr.

Myndabók með þínum eigin ljósmyndum

Námskeið ætlað þeim sem vilja kynningu á því hvernig megi vinna úr stafrænum ljósmyndum. Farið verður yfir það hvaða aðilar, bæði íslenskir og erlendir bjóða uppá ljósmyndabókagerð. Þetta er mjög einfalt í framkvæmd, það geta allir gert sér ljósmyndabók á netinu ef maður veit hvar á að byrja. Námskeiðið getur hentað notendum á hvaða stigi sem er.

Lengd: 1 klst.

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4.

Hvenær: Föstudaginn 10. okt. klukkan 12:00-13:00 – mæting klukkan 11:45 í súpu.

Verð: 4.500 kr.

Stutt starfstengd námskeið í boði fyrir fyrirtæki

Hópefli (60 mín)

Einelti/ áreitni á vinnustað (90 mín)

Tímastjórnun (60 mín)

Að sigra tölvupóstinn (120 mín)

Móttaka nýliða (90 mín)

Vinnuumhverfi-heilsa-lífstíll (60 mín)

Eflum starfsánægju og jákvæðni á vinnustaðnum (90 mín)

Fordómafræðsla (90 mín)

Að takast á við breytingar (90 mín)

Ávinningur af stefnumótun (60 mín)

Að ná árangri með valddreifingu (60 mín)

Réttur maður á réttum stað! Hver erum við sem vinnustaður? (90 mín)

Áhugahvetjandi samtalstækni (60 mín)

Hvatningarstjórnun (60 mín)

Þitt fyrirtæki/stofnun getur þantað eitthvað af þessum námskeiðum/fyrirlestrum og það verður aðlagð að vinnustaðnum. Staður og tímasetning er fundin í samkomulagi við aðila.

Við bjóðum upp á sérsniðin námskeið, fyrirlestra, ráðgjöf og þarfagreiningar í þeim tilgangi að efla fyrirtækin og starfsmenn þeirra.

Hafið samband í síma 4605720 eða með tölvupósti á netfangið simey@simey.is



Fjölmennt

Fjölmennt er fullorðinsfræðsla fyrir fatlaða 20 ára og eldri.

Tímasetningar námskeiða verða ákveðnar þegar næg þátttaka hefur fengist.



Heimilisfræði

Hagnýtt heimilishald

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 8 vikur, eða eftirsamkomulagi.

Verð: 14.400 kr.

Hollir og góðir réttir

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 5 eða 8 vikur.

Verð: 14.800 kr. fyrir 5 vikur og 19.800 kr fyrir 8 vikur.

Hollari kostur í kökum og konfekt

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 3 vikur.

Verð: 11.400 kr.

Íþróttir og sund

Keila I og II

Kennt er einu sinni í viku, 1,5 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 7 vikur.

Verð: 11.000 kr.

Dans I og II

Kennt er einu sinni í viku, 1,5 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 7 vikur.

Verð: 11.000 kr.

Íþróttir og sund

Líkamsrækt og hollt fæði

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 10 vikur.

Verð: 16.000 kr. Við bætist kort á líkamsræktarstöð meðan á námskeiðinu stendur.

Hestanámskeið

Kennt er einu sinni í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 5 vikur.

Verð: 25.000 kr.

Vellíðan í vatni

Kennt er einu sinni í viku, 45 mín - 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 12 vikur.

Verð: 15.000 kr.

Leikfimi í sal

Kennt er einu sinni í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 5 vikur.

Verð: 15.000 kr.

Tónlist og tjáning

Tónlist

Kennt er einu sinni í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

Verð: 10.000 kr.

Mynd-og handlist

Keramikmálun

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

Verð: 16.800kr.

Textílhönnun

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 8 vikur.

Verð: 19.800kr.

Leirlist

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

Verð: 14.800kr.

Mósaík

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

Verð: 16.800kr.

Myndlist

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

Verð: 16.800kr.

Leikfangasmíð

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

Verð: 12.800kr.

Tölvu-og upplýsingatækni

Internet/Facebook/Youtube

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 4 vikur.

Verð: 8.000kr.

Stafræn myndvinnsla I og II

Kennt er tvisvar í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 4 vikur.

Verð: 14.400kr.

Tölvur á myndrænum nótum

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 4 vikur.

Verð: 8.000kr

Tölvuleikir

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 4 vikur.

Verð: 9.000kr

Ipad námskeið

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 4 vikur.

Verð: 11.000kr

Mál og samfélag

Stærðfræði í daglegu lífi

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 5 vikur.

Verð: 9.000kr.

Lestur

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 5 vikur.

Verð: 9.000kr.

Enska I og II

Kennt er tvisvar í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

Verð: 10.800kr.

Ipad sem boðskiptatæki

Kennt er einu sinni í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

Verð: 13.000kr.

Rofar og umhverfisstjórnun

Kennt er einu sinni í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

Verð: 13.000kr.

Ýmis námskeið

Förðunarnámskeið

Kennt er einu sinni í viku, 1 klukkustund í senn. Námskeiðið stendur yfir í 6 vikur.

Verð: 10.000kr

Ökunám – fræðilegur hluti

Kennt er einu sinni í viku, 1 klukkustund í senn.

Nám með stuðningi

Nemendurgeta stundað nám við almennamenntastofnun með stuðningi og eftirfylgd starfsfólks Fjölmenntar.

Réttindi og skyldur

Kennt er einu sinni í viku, 2 klukkustundir í senn. Námskeiðið stendur yfir í 4 vikur.

Verð: 9.000kr.

Hægt er að sækja um rafrænt á vefnum,

www.fjolmennt.is eða senda pósta á netfangið arnhrudur@simey.is. Einnig er hægt að hafa samband í síma 460-5719.

ALLTAF Á TOPPNUM

Garðar Kári landsliðskokkur tekur vel á móti ykkur

Borðapantanir
í síma 462 7100



STRIKID
RESTAURANT • BAR

Skipagata 14 | 5. hæð | 602 Akureyri | Sími 462 7100 | www.strikid.is

Náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum

Viltu ráðleggingar sérþjálfaðra ráðgjafa við val á námsleiðum? SÍMEY býður upp á fría náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum fyrir starfsmenn og fyrirtæki.

Markmið:

Hvetja starfsmenn til virkrar símenntunar

Skoða möguleika á færniþróun í starfi eða einkalífi

Veita einstaklingsmiðaða aðstoð við val á námsleiðum

Skoða möguleika á styrkumsóknum

Veita aðstoð við að setja sér markmið í námi og starfi

Með því að fá náms- og starfsráðgjafa í heimsókn á vinnustað geta fyrirtæki stuðlað að frekari símenntun starfsmanna, aukinni starfsánægju og árangursríkari starfsþróun.

Frekari upplýsingar á heimasíðunni www.simey.is og í síma 4605720.

Ert þú að hugsa um
að fara í **nám**?

Hefur þú verið á
námskeiði nýlega?

- Samkvæmt nýjum reglum SVS er nú hægt að fá endurgreitt 75% af námskostnaði. Styrkupp hæðin getur numið allt að 90.000 kr. á ári.
- Markmið með nýjum reglum SVS er að hvetja félagsmenn til aukinnar þátttöku í símenntun.

Kynntu þér nýjar reglur SVS á www.starfsmennt.is eða hjá þínu stéttarfélagi.

*Að uppfylltum skilyrðum styrkveitingar



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Félag verslunar- og
skrifstofufólks Akureyri



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS

Að Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks standa SA, VR og LÍV.